

Mánudaginn 20. aprílmánaðar.

Nr. 30/1890:

Jón Jónsson

gegn

uppgjafapresti Stefáni Thórarensen.

Dómur:

Mál þetta var höfðað í hjerði af áfrýjandanum, Jóni bónda Jónssyni á Jófríðarstöðum, gegn stefnda, uppgjafapresti Stefáni Thórarensen í Reykjavík, út af ágreiningi um landamerki milli eignarjardar áfrýjanda, Bjarnastaða í Selvogi, og jarðarinnar Ness samastaðar, sem stefndi er eigandi að, og var málið dæmt í merkja-dómi Árnassýslu 13. maí f. á. þannig, að hin gömlu landamerki milli jarðanna skyldu standa óhögguð, nefnilega úr »Selós« við »Selasker« beint upp í markagarðinn, eptir honum upp í Unhól, og þaðan beina línu í stein eða klöpp austan við Hásteina. Málskostnaður partanna, þar með talin borgun til dómenda, skyldi falla niður.

Þessum dómi og 3 úrskurðum, er upp hafa verið kveðnir, meðan á málinu stóð, einn þeirra 12. ágúst 1889 og tveir 12. maí f. á., hefur áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 24. okt. f. á., og hefur hann krafizt þess hjer fyrir rjettinum, að hinir áfrýjuðu úrskurðir verði úr gildi felldir og hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins ómerk dæmd, vitnaleiðsla stefnda, sem byggist á úrskurðinum 12. ágúst 1889, marklaus gjör, og eventualiter, að málinu verði heimvísað til nýrrar meðferðar frá því stigi, sem það var á, áður fyrri úrskurðurinn 12. maí 1890 var upp kveðinn. Svo hefur hann og krafizt, að stefndi verði skyldaður til að greiða allan áfrýjunarkostnað með 100 krónum, eða einhverju

að rjettarins mati nægilegu, og allan kostnað við nýja fyrirtekt málsins. Hinn stefndi hefur aptur á móti krafizt þess, að hinn áfrýjandi dómur og hinir áfrýjuðu úrskurðir verði staðfestir og áfrýjandi dæmdur til að borga allan kostnað málsins fyrir yfirdómi eptir mati rjettarins.

Hinn fyrsti af hinum áfrýjuðu úrskurðum, 12. ágúst 1889, er svo til kominn, að þennan dag, sem var næsti þingdagur eptir skipun merkjadómsins og ætlaður fyrirfram til merkjagöngu, vildi stefndi leiða vitni nokkur, er mætt voru óstefnd, en áfrýjandi mælti á móti því, sakir þess, að honum hefði eigi verið stefnt til að hlýða á framburð vitna, enda ætlaði fyrst að leiða sín vitni daginn eptir. Merkjadómurinn úrskurðaði þá, að þessi mótmæli yrðu ekki tekin til greina, og yfirdómurinn verður að fallast á þann úrskurð, því að í umræddu rjettarhaldi höfðu báðir málsaðilar jafnan rjett til að koma fram með skilríki sín og leiða vitni, án þess þeir þyrftu að stefna sjerstaklega til þess, sbr. 9. og 10. gr. landamerkjaganna 17. marz 1882.

Hvað úrskurðinn 12. maí 1890 (hinn fyrri) snertir, þá neitaði dómurinn með honum samkvæmt kröfu stefnda að eidfesta nokkur vitni, er áfrýjandi hafði leitt þann dag, sökum þess, að stefnur áfrýjanda til vitna nokkurra, er áður höfðu verið leidd af stefnda og borið gagnstætt, til að heyra á vitnaleiðsluna, ekki voru áritaðar af sýslumanni, heldur útgefnar að eins af áfrýjanda sjálfum. Að vísu var nú þessi ástæða merkjadómsins fyrir synjun eidfestingarinnar eigi á rökum byggð, þar sem vitnaleiðsludagurinn hafði áður verið ákveðinn í merkjadóminum sjálfum og sýslumaður eða merkjadómurinn því ekki þurfti neina frekari tilkynningu þar-

aðlútandi, en á hinn bóginn er þess að gæta, að áfrýjandi hafði ekki við nefnt tækifæri fært nægilegar sönnur á að hafa stefnt einu af vitnum stefnda, er áður höfðu leidd verið og borið gagnstætt, og bar því merkjadóminum af þeirri ástæðu að neita um eidfestingu hinna umræddu vitna. Úrskurður þessi verður því eigi úrgildi felldur, og sama er að segja ennfremur um hinn síðari úrskurðinn frá 12. maí 1890, en með honum var áfrýjanda samkvæmt kröfu stefnda neitað um frest til að stefna af nýju löglega nefndum andvitnum, sökum þess að hann hefði áður haft nægan tíma til þess, enda hafði hann þá haft 5—6 mánaða frest til að leiða vitni sín.

Að endingu hefur áfrýjandi viljað styðja kröfu sína um ónýting hins áfrýjanda dóms með því, að merkjadómurinn hafi gjört sig sekan í þeirri þingsafglöpun, að láta aldrei neina eiginlega merkjagöngu framfara, eða að áfrýjanda að minnsta kosti hafi eigi gefizt kostur á að vera við slíka merkjagöngu. En þessi aðfinning er alls eigi á rökum byggð, og það sjest þvert á móti af dómsgjörðunum, að merkjadómurinn hefur tvicegis athugað hin umþrættu merki og landslag á staðnum, og málspartar hafa bæði skrifað nöfn sín undir rjettarhöld þau, sem þessar merkjaskoðanir fóru fram í, og einnig minnt á það í málsskjölum sínum, að þeir hafi verið viðstaddir við skoðunina, enda eigi fyrir merkjadóminum hreyft neinum mótmælum í þessa átt.

Samkvæmt framanskriðuðu verður eigi álitid, að merkjadómurinn með hinum áfrýjuðu úrskurðum, eða með því að láta eigi lögboðna merkjagöngu framfara, hafi gjört sig sekan í þingsafglöpun, svo að ónýta verði hinn áfrýjanda dóm, og með því að eigi er að ræða um ónýting

af öðrum ástæðum, þá ber að staðfesta að öllu leyti hinn áfrýjaða dóm. Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eptir atvikum rjett að falli niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði landamerkjadómur á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Mánudaginn hinn 27. aprílmánaðar.

Nr. 35/1890: Beneficiarius Presthólastaðar  
síra Halldór Bjarnarson  
gegn  
Halldóri Sigurðssyni.

#### D ó m u r:

Í máli þessu hefur áfrýjandinn, presturinn að Presthólum, síra Halldór Bjarnarson, lögsótt stefnda, ábúanda á jörðinni Einarsstöðum, Halldór Sigurðsson, fyrir að hafa heimildarlaust hirt og hagnýtt sjer, frá því haustið 1884 til 1. marz 1887, þegar mál þetta var kært fyrir sáttanefnd, meiri eða minni hluta þess molviðar, sem hafi borið upp á svonefndan Magnavíkurreka, svo og blöðrusel, er rekið hafi á sama reka í júlímánuði 1886. Var málið dæmt í aukarjetti Þingeyjarsýslu 24. okt. 1888 á þá leið, að stefndi var sýknaður fyrir kærnum og kröfum áfrýjanda, og kostnaður málsins, sem var sótt með gjafsókn, skyldi greiddur úr opinberum sjóði, þar á meðal laun til hins skipaða málsfærslumanns áfrýjandans, cand. phil. Skapta Jósefssonar, 50 kr.

Dómi þessum hefur, að fenginni gjafsókn til handa